

Fundur í skólaráði Snælandsskóla 24. feb. 2021

Mættir: Brynja Rut Sigurðardóttir fulltrúar foreldra, Arna Björk Þórðardóttir fulltrúi nærsamfélagsins, Soffía Weisshappel og Jón Óttarr Karlsson fulltrúar kennara, Alma Ösp Óskarsdóttir og Björn Kári Sigurbjörnsson fulltrúar nemenda og Magnea Einarsdóttir skólustjóri.

Kastali á skólalóð

Ný tillaga hefur borist og þar hefur kastalinn verið lækkaður, rennibrautin styttist þá eitthvað við það og göngubrú verður sett milli hlutanna. Tvær tillögur komu til greina, önnur með opinni rennibraut en hin með rennibraut í röri. Ákveðið að láta garðyrkjustjóra Kópavogs vita að sátt var með báðar tillögurnar og lagt til að Kópavogsbær myndi í samráði við Herdísí Staargord ákveða hvor rennibrautin væri heppilegri og öruggari kostur.

Rætt um nýjar reglur við innritun í sérdeild Snælandsskóla

Ábendingar um einstaka orðalag og einnig varðandi þann þátt að byrja skal vinnu við að kynna framhaldsskóla fyrir nemendum strax í 9. bekk. Bent á að gott væri að það kæmi staðlað form til að fylgja í tengslum við það eða eðlilegra að það væri unnið í 10. bekk.

Reglurnar samþykktar að öðru leyti.

Rætt um tilslakanir á fjöldatakmörkunum

Um leið og því er fagnað þá er áfram vilji skólans að stíga varlega til jarðar. T.d. mun skólinn ekki opna fyrir möguleika á bekkjarkvöldum þar sem enn er krafa um að í hópi fólks þyrftu foreldrar að sitja í sætum með 1m á milli óskyldra og bekkjarkvöld sjaldnast með þeim hætti. Í tengslum við leiksýningar var ákveðið að taka þær upp og senda til foreldra enda aðeins hægt að bjóða að hámarki 50 manns og það gæti skapað togstreitu á heimilum ef velja þarf á milli þess að bjóða móður eða föður.

Umferðarhætta

Rætt um umferð og hættu sem henni fylgir þegar foreldrar eru að keyra börn sín á æfingar á gervigrasvöllinn við skólann. Oft skapast hætta þar og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að draga úr slyshættu. Málið hefur áður verið sent til Kópavogsbæjar en það var afgreitt þar með þeim hætti að ekki þótti ástæða til aðgerða.

Ákveðið að senda annað formlegt erindi til bæjarins og vekja aftur athygli á þessari hættu.

Kynning frá Rannsókn og greiningu

Margrét Lilja var með kynningu fyrir foreldra en dræm mæting var á fundinn. Helst kom þar fram að tilefni er til að hafa auga með einum árgangi á unglingsstigi og vinna með hann í samráði við foreldra. Ýmis vinna hefur þó verið þar í gangi en rétt er að halda þeirri vinnu áfram.